



Málefnalisti Framsóknarflokksins í Skagafirði fyrir kjörtímabilið 2010-2014



Atvinnumál

- Standa vörð um opinber störf í héraðinu og stefna að fjölgun þeirra.
- Efling Háskólans á Hólum t.d. með stuðningi við endurmenntun.
- Leita að nýjum tækifærum til eflingar atvinnulífs í Skagafirði og standa vörð um þau störf sem fyrir eru.
- Vinna með atvinnulífinu að atvinnuþróun, m.a. áframhaldandi uppbyggingu trefjaiðnaðar.
- Tryggja lóðir til frekari uppbyggingar á atvinnustarfssemi í Skagafirði.
- Kanna möguleika með fyrirtækjum á vinnslu lífrænna orkugjafa í Skagafirði t.d. lífdísel.
- Vinna að eflingu loðdýraræktar í Skagafirði.
- Vinna með atvinnulífinu að kanna möguleika á ræktun og vinnslu á sérvirkum próteinum í Skagafirði.
- Þrýsta á ríkisvaldið og Vegagerð um uppbyggingu reiðvega í Skagafirði í samvinnu við landeigendur og hestamannafélögin.
- Kanna möguleika á aukinni ylrækt í Skagafirði og skoða möguleika til útflutnings.
- Halda áfram með verkefni í bleikjueldi í Skagafirði í samstarfi við atvinnulíf og bændur.
- Efla enn frekar samstarf skóla og atvinnulífs í Skagafirði með því að nýta verkþekkingu í atvinnulífi til að örva nýsköpun.
- Efla ferðaþjónustu í samstarfi við Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði og aðra hagsmunaaðila.
- Gera átak í atvinnustarfsemi tengdri kvikmyndagerð og markaðssetningu Skagafjarðar sem tókustaðar.
- Skoða möguleika á frekari uppbyggingu rannsókna og kennslu á sviði fornleifa í Skagafirði í samráði við Byggðarsafn Skagafjarðar og Hólaskóla.
- Styðja við eflingu hestamennsku í Skagafirði sem atvinnugreinar.
- Áframhaldandi samstarf með Skagafjarðarhraðlestinni í atvinnuuppbyggingu.



Samgöngumál

- Unnið skal að uppbyggingu smábátahafnar á Sauðárkróki.
- Krafist verði aukins fjármagns í héraðs- og tengivegi.
- Barist verði fyrir áframhaldandi áætlunarflugi til og frá Skagafirði.
- Alexandersflugvöllur verði malbikaður og gerður að varaflugvelli fyrir Akureyrarflugvöll.
- Þrýst verði á að ríkið klári framkvæmdir við Þverárfjallsveg og tengingu við Blönduós.
- Þjóðvegur 1. verði áfram um Varmahlíð.



Veitumál

- Lagning hitaveitu í Sæmundarhlíð (2011) og Hegranes (2012) samkvæmt núverandi áætlun og kostnaðargreina lagningu hitaveitu á þeim stöðum sem þá verða eftir.
- Skoða möguleika á nýtingu á heitu vatni til atvinnusköpunar.



Skipulags- og byggingarmál

- Klára vinnu við deiliskipulag Sauðárkróks, Hofsóss, Varmahlíðar, Steinsstaða og Hóla.
- Lækka hámarkshraða í húsagötum í þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins.
- Haldið skal áfram með uppbyggingu Árskóla og skoðað með hvaða hætti hægt er að hefja framkvæmdir sem fyrst.
- Áframhald verkefna er snúa að fegrun umhverfis í Skagafirði.
- Skipulega verði unnið að stíga og gangstéttagerð í þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins.
- Unnið verði að uppbyggingu útivistasvæða og hjólreiðastíga.
- Unnið verði að gerð og endurbótum leikvalla.



Félags- og tómstundamál

- Vinna að því með heimamönnum að leysa íþróttahúsmál á Hofsósi.
- Vinna að því með íþróttafélögum og hagsmunaaðilum að skipuleggja íþróttasvæðin í Skagafirði.
- Klára vinnu við fjölskyldustefnu sveitarfélagsins og að Skagafjörður verði fjölskylduvænna samfélag.
- Ætíð skal gæta að því að jafnréttisáætlun sveitarfélagsins sé virk.

- Bæta aðgengi fatlaðra að stofnunum og útivistasvæðum sveitarfélagsins.
- Áframhald verði á akstri frístundastrætó í tengslum við Hús frítímans.
- Öflug heimaþjónusta taki m.a. mið af því að aldraðir geti búið í eigin húsnæði eins lengi og vilji og geta leyfir.
- Sveitarfélagið standi fyrir öflugum forvarnarstarfi í þágu barna og unglinga.



Fræðslumál

- Leikskólapláss út að austan, Hólum og Varmahlíð uppfylli þörf.
- Standa vörð um stoðþjónustu leik- og grunnskólanna.
- Gjaldskrá fyrir leikskóla hækki ekki umfram verðlagsþróun á kjörtímabilinu.
- Áfram verði óskað eftir samstarfi við atvinnulífið um „sáttmála til sóknar í skólamálum“ og þannig verði stutt við fagmennsku í skólastarfi.
- Kannaðir verði möguleikar á sveigjanlegri vistunartíma á leikskólum.



Stjórnsýsla

- Unnið verður að hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins og hallalausum rekstri.
- Upplýsingaflæði til íbúa eftt.
- Bæta þarf kynningarefni fyrir nýja íbúa og fyrirtæki í Skagafirði, gera það aðgengilegt og hafa það allt á einum stað.

